

Hverfisráð Hríseyjar

15. fundur

Ár 2007, þriðjudaginn 30. október kl. 16:30 var fimmtándi fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein.

Á fundinn mættu Kristinn Árnason, Theódóra Kristjánsdóttir, Kristján Ingimar Ragnarsson, Linda María Ásgeirsdóttir og Hjördís Ýrr Skúladóttir.

Formaður setti fund.

Dagskrá:

1. Umferðarmál í Hrísey

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Hverfisráð er sammála um að stefna að fækkun einkabíla í Hrísey á næstu árum, liður í því er að auka eftirlit með þeim bílum sem eru í eyjunni nú þegar t.d. að bílar verði færðir reglulega til skoðunar, almennur öryggisbúnaður sé í lagi og framfylgt verði lögum um nagladekk. Til að draga úr umferðarhraða verði komið upp hraðahindrunum sem víðast um þorpið. Unnið verður að því að fá þjónustubíl til eyjarinnar”

2. Umsókn Sæfangs um starfsleyfi fyrir hausapurkkun.

Umsókn um starfsleyfi og starfsreglur vegna mengunarvarna fyrir fiskvinnslur lagt fram til kynningar

“Hverfisráð sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við umsóknina um starfsleyfið. Í framhaldinu mun Hverfisráð beita sér fyrir því að gerður verði vegur eins og skipulag segir til um á milli salthússins (Norðurskeljarhússins) og Gallery Perlu”

3. Önnur mál

Innsent erindi frá Bjarna Ómari Guðmundssyni lagt fram til kynningar.

Formanni falið að svara erindinu.

Fyrirspurn til Hverfisráðs um hvernig snjómokstri á milli Akureyrar og Árskósstrandar væri háttað, Lindu falið að gera fyrirspurn um hvenær snjóplógar leggi af stað frá Akureyri á morgnana

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Theódóra Kristjánsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Hjördís Ýrr Skúladóttir

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur